

Fundur skólaráðs 30. nóv 2016 kl. 15:15

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir og Sigurveig Önundardóttir fulltrúar kennara, Kristrún Ingadóttir, Guðrún María Brynjólfssdóttir fulltrúar foreldrafélags og Margrét Birna Valdimarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Dagskrá:

- a) Skipan og hlutverk skólaráðs
Halldóra fór yfir hlutverk og hvernig skipað er í skólaráðið. Skipað er í skólaráðið til tveggja ára í senn. Kosning fulltrúa kennara og starfsmanna fór fram í ágúst, nýir foreldrafulltrúar eru að koma á sinn fyrsta fund.
- b) Rekstrar- og fjárhagsáætlun 2017 og ályktanir aðalfundar foreldrafélagsins. Halldóra skólastjóri fór yfir helstu tölur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 29. nóv. Skólaráðið lýsir yfir vonbrigðum sínum með að ekki skyldi vera gert ráð fyrir fjármagni í kaup á námsgögnum fyrir nemendur á næsta skólaári. Einnig lýsir ráðið yfir vonbrigðum með að sjá ekki áætlað fjármagn í framhald nýbyggingar við Hóppskóla fyrr en árið 2019 og þannig hugsað til framtíðar.
- c) Foreldrafélag – samstarf heimila skóla. Skólastjóri fór yfir stöðu á þróunarverkefninu Skólinn og samfélagið 2015 – 2017. Valdís og Sigurrós sögðu frá námsferð sem uppbyggingarteymið fór á í Boston nú í nóvember. Umræða um uppbyggingarstefnuna og hrósið sem áhrifavalð. Kynntur starfsmannasáttmáli Grunnskóla Grindavíkur.
- d) Önnur mál – engin mál tekin fyrir undir þessum lið

Fundi slitið kl. 16:40